

anirnar um hinar fyrnefndu «quæstiones solvendæ» verði að teljast úr gildi gengnar við breytinguna á lærða skólanum 1846 og stofnun prestaskólans þar á eptir. 82
26. júní

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um hlunnindi til handa sparisjóði. — Útaf innkomnu bónarbrjefi og samkvæmt heimild þeirri, sem landshöfðingja er veitt í tilsk. 5. jan 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, veiti jeg hjermeð sparisjóði Vopnafjarðarhrepps í Vopnafirði fyrst um sinn um 5 ára tímabil, er teljist frá 1. septbr. næstkomandi, öll þau hlunnindi, er getur um í nefndri tilskipun, þó með þeim skilyrðum, að upphæð ábyrgðar þeirrar, sem sett hefur verið fyrir sjóðnum, skerðist ekki, að ákvarðana um reikningsskil í lögum sjóðsins sje vandlega gætt, og að send sjeu landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningum sjóðsins; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kann að verða gjörð á lögum sjóðsins, og frá því, er skipt er um ábyrgðarmenn sjóðsins samkvæmt 3. grein laganna. 83
26. júní

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, þjónustusamlega að tilkynna sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðs Vopnafjarðarhrepps.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli. — Með þóknanlegu brjefi dags. 20. marz p. á. hafið þjer, herra amtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað beiðni prestsins að Tjörn í Svarfaðardal, sjera Kristjáns Eldjárns Þórarinssonar, þar sem hann fer fram á að sjer verði leyft að taka 200 kr. lán, er hann óskar að geta fengið úr landssjóði, handa nefndu prestakalli, til þess að láta grafa skurð og vörzlugarð fyrir ofan túnið á prestssetrinu Tjörn, til varnar því að það skemmist af skriðufalli úr fjallinu fyrir ofan bæinn og til þess að geta jafnframt þurkað upp mýri, sem sje innantúns, fleiri dagsláttur að stærð, er líkindi sjeu til að gjöra megi að bezta túni, og hafa stiptsyfirvöldin mælt með beiðni þessari. 84
30. júní

Fyrir því læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá stiptsyfirvöldunum, að jeg hjermeð veiti samþykki mitt til, að nefndur prestur megi taka 200 króna lán, sem þó ekki getur fengizt úr landssjóði, handa Tjarnar-prestakalli í Svarfaðardal til hinna um getnu endurbóta á prestssetrinu, þó með því skilyrði, að lánið eigi verði tekið fyrr en sannað er með lögumatri skodunargjörð dómkvaddra manna, að búið sje að framkvæma hinar umgetnu jarðabætur, og að höfuðstóll lánsins með vöxtum verði endurborgaður að fullu í síðasta lagi innan 10 ára frá lántökudegi.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um endurgreiðslu á vínfangatolli. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. maí p. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer með meðmælum yðar beiðni kaupmanns L. Popps á Saudárkrók um endurgjald á tolli af 3 fötum af 16^o spritti, er hann fjekk með skipinu, «Familien», 21. apríl p. á., og sem hann kveðst hafa í hyggju að endursenda, af því að varan hafi reynzt ill og nær því ódrekkandi, þegar ílátin voru opnuð, eptir að skil höfðu verið gjörð fyrir tollinum. 85
14. ágúst

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeining-